

Hrunamannaafréttur

Landnýtingar- og landgræðsluáætlun

2009 – 2013

Sigurður H. Magnússon, Svanhildur Hrönn Pétursdóttir og Þorsteinn Loftsson



Árangur uppgræðsluáðgerða í Stóraveri. Ljós. Sigurður H. Magnússon 31. ágúst 2008.

Flúðir 2009

EFNIYFIRLIT

1 Inngangur	2
2 Landlýsing.....	2
3 Tilgangur.....	4
4 Beitarstjórnun.....	4
5 Uppgræðsla	5
6 Mat á árangri	6
7 Helstu rofsvæði	7
I. svæði. Þorsteinshöfði - Sandalda - Holt - Stóraver	7
II. svæði. Fjallmannagil - Heygilssporður - Þórarinsstaðir.....	10
III. svæði. Bugur - Heygil	11
IV. svæði. Svínárnes - Merarskeið - Harðivöllur.....	12
V. svæði. Stórimelur - Skyggnishólar.....	14
VI. svæði. Skyggniskrókur - Vegghamrar - Fremra-Búðarfjall.....	15

1 Inngangur


Áætlun þessi er unnin af stjórn Landgræðslufélags Hrunamanna í samráði við Landbúnaðarnefnd Hrunamannahrepps.

Áætlunin er byggð á landnýtingaráætlun fyrir Hrunamannaafrétt árin 2004–2008 og er í raun lítið breytt útgáfa af henni.

2 Landlýsing

Afréttur Hrunamanna er um 960 km² að flatarmáli. Að sunnan takmarkast hann af heimalöndum Jaðars og Tungufells og af Hrunaheiðum. Að vestan af Hvítá og Jökulfalli en að austanverðu ræður Stóra-Laxá í Laxárdrög en þaðan liggja afréttarmörk í Hofsjökul sem takmarkar hann að norðanverðu. Afrétturinn er um 65 km langur og víðast um 16–18 km breiður. Hæð yfir sjó er mjög misjöfn eða frá tæpum 200 m vestan við Þorsteinshöfða upp í 1477 m á Snækolli í Kerlingarfjöllum. Lægst liggur landið með Hvítá en það hækkar síðan til austurs og eftir því sem innar kemur á afréttinn. Láglandasti hluti afréttarins, þ.e. það land sem liggur neðan við 500 m hæðarlínu, myndar því austurhelming af allvíðum en löngum dal sem Hvítá rennur eftir og nær allt norður fyrir Hvítárvatn á Biskupstungnaafrétti. Þegar afréttarlandinu er skipt eftir hæðarbeltum kemur fram að þessi hluti afréttarins, sem jafnframt er sá gróðursælasti, er um 410 km² sem er um 43% af flatarmáli alls afréttarins (1. mynd).

Land á Hrunamannaafrétti er misvel gróið. Einna mestur er gróður þar sem landið liggur lægst, þ.e. vestan við Geldingafell og sunnan Kerlingarfjalla, en með vaxandi hæð dregur úr gróðurþekju. Stærstu gróðursvæðin eru þar sem grunnvatn liggur hátt eða jörð er rök. Þurrlandi er sums staðar einnig vel gróið og ber þar mest á mólendisgróðri á allþykkum áfoksjarðvegi en mosapembu þar sem jarðvegur er þynnri. Næst Kerlingarfjöllum eru helstu gróðursvæðin á Miklumýrum og í nágrenni þeirra, í Leppistungum og Klakksveri og vestan við Búðarfjöll við Hænsnaver, Fosslæk, Vegghamra og allt suður í Lausamannsölduver. Sunnar á afréttinum eru tvö allstór gróðursvæði, þ.e. í Mikluöldubotnum, Illaveri og Rauðárhliðum og á svæði sem nær frá Búrfellstagli um Flóðöldu, Svínárnes að Skyggni við Skyggiskrók. Syðst á afréttinum eru tvö víðáttumestu gróðursvæðin. Annars vegar er svæði sem nær yfir Búrfellsmýrar, Hnausheiði og suður í Búðartungu en hins vegar svæði norðvestan við Stangará frá Harðavallarklifi suður að Laugapýfi um Skyggni að ármótum Stangará og Hvítár.



1. mynd. Hrunamannahreppur, afréttur og byggð. Á innfelldu myndinni er sýnd skipting afréttar eftir hæðarbeltum. Útreikningar byggjast á grófum hæðarlínugrunni og tölur eru því ekki nákvæmar.

Þótt þurrlendi sé allvíða vel gróið í afréttinum er ljóst að rof hefur á mörgum stöðum valdið miklum breytingum á jarðvegi og gróðri. Sums staðar er land nánast örfoka en annars staðar er land á rofstigi með gróðurtorfum og virku rofi. Vegna rofsins hefur jarðvegur þyknað við að gróður hefur hlaðið undir sig áfoksefnum. Helstu rofsvæðin eru sjö að tölu. Tvö þeirra eru innan við Sandá, fjögur milli Sandár og Búðarár og eitt sunnan Búðarár.


3 Tilgangur

Megintilgangur þeirra aðgerða sem hér er lagt til að farið verði út í er að haga nýtingu afréttarins með þeim hætti að hún verði sjálfbær. Stefnt verður að þessu með því að stjórna búfjárbætur í afréttinum og með uppgræðslu á völdum svæðum.


4 Beitarstjórnun

Stefnt verður að því að fara ekki með fé á afrétt fyrir en um mánaðamótin júní–júlí og seinna í köldum árum, í samráði við Landgræðslu ríkisins og hreppsnefnd Hrunamannahrepps. Alls eru nú 12 bæir sem nýta afréttinn og eru á þeim um 2700 fjár á vetrarfóðrum. Gera má ráð fyrir að um 80% af vetrarfóðruðum ám fari á afrétt eða um 2156 ær og hafi hver með sér 1,7 lömb. Heildarfjöldinn á afréttinum gæti því orðið í kringum 5800 fjár. Fénu verður sleppt á fjórum stöðum en þeir eru: Hnausheiði við Búðará, kringum 2650 fjár; Búrfellsmýrar inn með Búrfelli og innan við Búðará, kringum 440 fjár; Svínárnes fyrir innan Svíná, kringum 700 fjár og fyrir innan Sandá móts við Svínárnes um 2000 fjár. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á fjárfjölda 2009–2013 eða innan við 100 ær á vetrarfóðrum á ári.

Meðfylgjandi eru gögn sem sýna breytingar á fjárfjölda í Hrunamannahreppi. Annars vegar er sýndur fjöldi frá árinu 1709 til ársins 2005 (2. mynd) og hins vegar fyrir árin 1993–2008 (3. mynd). Af þessum tölum er ljóst að fé hefur fækkað nánast um helming frá því um 1980 er fé var einna flest í hreppnum. Þá kemur einnig fram að litlar breytingar hafa orðið á fjölda fjár eftir 2003. Miðað við þessar tölur er ljóst að beitarálag í afrétti hefur minnkað mikið frá því um 1980.



2. mynd. Fjárfjöldi á vetrarfóðrum í Hrunamannahreppi frá 1709 til 2005. Upplýsingar frá Búnaðarfélagi Íslands.



3. mynd. Fjárfjöldi á vetrarfóðrum í Hrunamannahreppi á árunum 1993 til 2008
 Upplýsingar frá Búnaðarfélagi Íslands.

5 Uppgræðsla

Til uppgræðslu verða valin nokkur svæði á afréttinum þar sem jarðvegur og gróður er að eyðast af völdum rofs. Meginmarkmið með uppgræðslunni eru eftirfarandi:

1. Að stöðva rof og koma í veg fyrir frekari eyðingu á jarðvegi og gróðri.
2. Að koma af stað gróðurframvindu sem leiðir til myndunar sjáfbærra gróðurlenda.
3. Að fella gróður í uppgræðslum að nánasta umhverfi þannig að hann verði eðlilegt framhald af þeim gróðri sem fyrir er.

Við uppgræðsluna verður því höfuðáhersla lögð á að stöðva rof og koma af stað gróðurframvindu. Græddar verða upp moldir, sand- og vikursvæði og rofabörðum lokað. Melar verða yfirleitt ekki græddir upp nema næst rofum. Þar sem gróðurskilyrði eru best má reikna með að aðgerðir taki örfá ár en mun lengri tíma þar sem skilyrði eru erfið, t.d. þar sem yfirborð er óstöðugt vegna frostlyftingar og mikils rofs.

Beit hefur mikil áhrif á gróður og gróðurframvindu og má reikna með að uppgræðsla örfoka lands gangi hægar á beittu landi en friðuðu. Friðun ein og sér nægir yfirleitt ekki til að stöðva jarðvegs- og gróðureyðingu þar sem rof er mikið. Reynslan hefur sýnt að hægt er að græða upp örfoka land undir beitarálagi. Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir að ný uppgræðslusvæði verði friðuð fyrir beit vegna mikils kostnaðar við uppsetningu og viðhald girðinga.

Áður en framkvæmdir hefjast verður farið um hvert svæði og landið skoðað. Í ljósi þess verður gerð skammtímaáætlun um hvernig staðið skuli að uppgræðslunni á hverju svæði, svo sem hvar verði unnið, hvaða aðferðum skuli beitt (vélar og tæki, mannskapur, áburður, fræ) og hvenær vinna skal verkið (sumar, haust).

Mikilvægt er að fylgjast vel með árangri af uppgræðsluáðgerðum og haga framkvæmdum eftir því hvernig verkinu miðar fram. Hér er lagt til að svæðin verði skoðuð árlega snemmsumars og árangur fyrri áðgerða metinn. Í framhaldi af skoðun verði sett fram ný áætlun um næstu skref framkvæmda, þ.e. hvað skuli gera það sumarið eða næsta haust. Tekið skal fram að ekki er gert ráð fyrir að áætlanir þessar verði mjög ítarlegar, aðeins stutt lýsing á því hvað gera skuli á hverjum stað.

Við uppgræðslu breytist gróður varanlega og því er mikilvægt að velja þær aðferðir og tegundir sem ekki hafa óæskileg áhrif á gróður og vistkerfi eða á sérstæðar náttúru- eða mannvistarminjar. Við uppgræðslu verður því reynt að fella gróður að landslagi og þeim gróðri sem fyrir er. Tegundaval verður miðað við að lágmarka neikvæð áhrif á náttúrleg gróðurlendi. Ekki verða notaðar útlendar tegundir ef aðrir möguleikar bjóðast og alls ekki ofan 500 m hæðarmarka, sbr. reglugerð umhverfisráðuneytis 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda en samkvæmt henni er óheimilt að nota útlendar tegundir ofan við 500 m hæðarlínu.

6 Mat á árangri

Mikilvægt er að fylgjast með árangri uppgræðsluáðgerða en það má gera með ýmsu móti. Ódýrasta leiðin er að taka myndir árlega eða á nokkurra ára fresti af ákveðnum svæðum undir sama sjónarhorni. Einnig er æskilegt að skrifa stutta lýsingu á gróðri og rofi. Einnig kemur til greina að mæla gróður á kerfisbundinn hátt með vissu árabili sem gefur nákvæmari upplýsingar en kostar mun meira. Þá má einnig nota loft- eða gervitungla-myndir til að fá gróft mat á breytingar. Hér er lagt til að myndataka verði notuð við mat á árangri og ástandi lýst stuttlega. Myndir og lýsingar verða varðveittar á tölvutæku formi.

7 Helstu rofsvæði

I. svæði. Þorsteinshöfði - Sandalda - Holt - Stóraver

Svæði liggur í 240–360 m hæð yfir sjó. Það er mjög víðáttumikið, eða um 12,4 km². Það afmarkast að sunnan af afréttargirðingu, að vestan af Hvítá og Búðará en austurjaðar þess er við gróðurlendið vestan við Melrakkaklif og Melrakkaá. Norðausturmörkin eru við Áfangagil nyrst í Stóraveri. Á svæðinu hefur fyrir á árum geisað mikil gróður- og jarðvegseyðing og því hafa stórir hlutar þess orðið örfoka, einkum Þorsteinshöfði, Sandalda og hæðirnar austur af henni. Mikið rof hefur einnig verið í Stóraveri, í Holtinu og vestan við Þorsteinshöfða. Þrátt fyrir rofið eyddist gróður ekki alls staðar þótt að honum væri þrengt. Stærsta gróðursvæðið er í Holtinu en þar er öflugur gróður á afar þykkum áfoksjarðvegi (4.–5. mynd). Gamalgróin svæði eru einnig með Búðará og í brekkunum austur af Holtinu.

Uppgræðsla

Árið 1970 var girt landgræðslugirðing frá Gullfossi um Sandöldu og inn fyrir Stangará og er landið innan hennar nú að mestu friðað. Unnið hefur verið að uppgræðslu í girðingunni, nánast árlega, frá því girðingin var sett upp. Í stórum dráttum má segja að búið sé að stöðva þar allt hraðfara rof þótt nokkuð skorti á að tekist hafi að loka öllum rofum. Innan girðingarinnar eru enn allstór lítt gróin melasvæði.

Í Stóraveri hófst uppgræðsla árið 1992. Í upphafi var heyi dreift í börð nyrst í verinu en síðan hefur land að mestu verið grætt upp með dreifingu áburðar og grasfræs (6.–7. mynd). Öll stærstu rofabörðin nyrst í verinu hafa verið grædd upp og einnig öll stærstu moldarsvæðin norðan Áfangagils. Sunnan gilsins hefur verið unnið við að græða upp moldir og rofabörð. Enn eru þar þó opin moldarsvæði og rofabörð.

Sjálfræðsla er talsverð á þessum slóðum og hefur hún aukist hin síðari ár. Má t.d. sjá að land er farið að gróa upp í lægðum á melunum austur af Sandöldu og í mestu bleytunum í Stóraveri. Aðgengi að svæðinu er gott enda liggur afréttarvegurinn eftir því endilöngu.

Uppgræðsla 2009/2013. Gert er ráð fyrir að uppgræðslu verði haldið áfram bæði innan landgræðslugirðingar og í Stóraveri. Megináhersla verður lögð á að græða upp moldir og loka rofabörðum en einnig að styrkja gróður þar sem gróðurþekja hefur rýrnað t.d. vegna frostlyftingar. Reiknað er með að áburðarmagn verði svipað öll árin (1. tafla). Miðað er við að land innan landgræðslugirðingar verði friðað fyrir beit.



4.–5. mynd. Áhrif uppgræðsluaðgerða í rofgeil í Holtinu. Rofið mólendi á þykkum áfoksjarðvegi. Efri myndin er tekin árið 1992 en sú neðri 2008. Ljós. Sigurður H. Magnússon.



6. mynd. Rofabörð að lokast nyrst í Stóraveri. Ljós. Sigurður H. Magnússon, 29. ágúst 2009.



7. mynd. Uppgæðslusvæðið í Stóraveri. Í miðju verinu nemur fífa land en fjær sér í opin rofabörð. Ljós. Sigurður H. Magnússon, 16. júlí 2008.

II. svæði. Fjallmannagil - Heygilssporður - Þórarinsstaðir

Rofsvæðið, sem liggur með Stangará, nær frá Fjallmannagili í suðvestri að Harðavallarklifi í norðaustri. Það er um 6,5 km² að flatarmáli og spannar um 110 m hæðarbil eða frá 270 m upp í um 380 m hæð. Þarna er land mjög breytilegt, allt frá örfoka moldum og melum upp í gamalgróið land á þykkum áfoksjarðvegi. Sum staðar er land að gróa upp að nýju. Þetta á bæði við um rakar og blautar moldir, svo sem norður af Heygilsmel¹ og vestur af Þórarinsstöðum, en einnig um raka mela svo sem á milli Fjallmannagils og Stangarness. Rof er hins vegar enn víða mikið. Má þar sérstaklega nefna rofjaðar austan við torfur í Stangarnesi, moldir og börð norðan við Heygilsmel og torfur á allöngum rofjaðri norðan við Brúsaver austur af Þórarinsstöðum (8. mynd). Aðgengi er erfitt.

Aðgengi er fremur erfitt en fært er á Heygilsmel á jeppum í þurrkatíð. Í áætlun fyrir árin 2004–2008 var gert ráð fyrir að hafin yrði uppgræðsla á svæðinu. Af því varð þó ekki bæði vegna erfiðs aðgengis og að fjármagn til uppgræðslu var af skornum skammti. Ekki er gert ráð fyrir neinum uppgræðsluáðgerðum á þessu svæði árin 2009–2013.



8. mynd. Rofjaðar austan við Stangará austur af Þórarinsstöðum. Opnar moldir og rofabörð. Ljósmynd Sigurður H. Magnússon, 13. júlí 1996.

¹ Hér er heitið Heygilsmelur notað um melinn syðst í Heygilssporði.

III. svæði. Bugur - Heygil

Svæðið er víðáttumikið, eða um 11,1 km². Það nær frá Laugabýfi í suðri um allan Buginn norður að Hvítá og upp með henni að Bláfellshólma. Austurmörk þess eru við Heygil. Svæðið hefur blásið upp og eru þar nú víðáttumiklir og tiltölulega sléttir, örfoka melar. Á allmörgum stöðum er þó að finna gamalgróið land, einkum í lögðum sem eru að uppruna gamlir flóðfarvegir. Stærstu gróðursvæðin eru í Einilág en svo kallast allvel gróinn farvegur sem teygir sig frá bakka Hvítár suður af Fremstaveri til suðvesturs yfir Buginn að Hvítá norður af Héðinsbrekkum. Gróðurskilyrði eru allgóð enda liggur svæðið að mestu í 270–300 m hæð yfir sjó. Á svæðinu finnast á nokkrum stöðum leifar af hinum forna birkiskógi sem að öllum líkindum þakti svæðið fyrr á öldum. Birkið er víðast hvar lágvaxið og skriðult. Á einum stað í Einilág er þó vöxtulegur lundur um 75 m langur og allt að 14 m breiður og eru stærstu birkitrén þar 3,5 – 4,0 m á hæð (9. mynd). Gróður er víða í framför og hafa allstórar spildur gróið upp að nýju, einkum við Hvítá suður af Fremstaveri. Rof er nokkurt en hvergi mjög mikið. Það er einna mest við torfur vestan við Heygil norður af Laugum, með Hvítá (á nokkrum stöðum) og við Laugabýfi syðst á svæðinu.

Engir vegir eða slóðar liggja um svæðið en fært er að því á jeppum í þurrkatíð, þ.e. frá veginum við Stóraver um Rofshóla á Heygilsmel í Heygilssporði sem er skammt austan við syðsta hluta svæðisins.

Uppgræðsla 2009–2013. Vegna tiltölulega lítis rofs og erfiðrar aðkomu er ekki gert ráð fyrir neinum uppgræðsluaðgerðum á svæðinu að svo stöddu.



9. mynd. Birkilundur við Einilág. Hæstu trén eru 3,5–4,0 m. Ljós. Sigurður H. Magnússon, 14. júlí 1996.

IV. svæði. Svínárnes - Merarskeið - Harðivöllur

Svæðið, sem er um 9,8 km² að flatarmáli, er suðaustan við Sandá. Það nær frá Svíná við Svínárnes til suðvestur um hæðirnar milli Sandár og Merarskeiðs og um Harðavöll suður að Stangará. Á svæðinu, sem liggur í um 400 m hæð yfir sjó, hefur geisað mikil gróður- og jarðvegseyðing og það er því að mestu örfoka, einkum hæðirnar norður af Stangarárbotnum. Þarna er enn verulegt rof og víða opnar moldir. Má þar einkum nefna fjóra staði. Í fyrsta lagi meðfram stórrí gróðurtorfu sem nær frá Svíná og um 0,8 km til suðvesturs meðfram Sandá. Í öðru lagi rofjaðar á Merarskeiði meðfram gróðurlendinu við Flóðöldu. Í þriðja lagi torfur með Sandá á móts við og neðan við Tágatjörn og í fjórða lagi með torfum suðvestarlega á Harðavelli (10. mynd). Þrátt fyrir að þarna hafi verið mikið rof er land sums staðar nokkuð farið að gróa upp að nýju, einkum á Harðavelli.

Aðgengi er mjög gott að rofjaðrinum á Merarskeiði því vegurinn milli Búrfells og Svínárness liggur þar um. Sæmilegt er að komast að torfunni við Svíná en hins vegar mun erfiðara að komast að torfunum við Sandá og á Harðavelli því engir slóðar liggja um þetta svæði nema svokölluð Borarabraut sem liggur frá veginum við Merarskeið að Sandá.

Uppgræðsla hófst árið 2004 og hefur land verið grætt upp með árlegri dreifingu grasfræs og áburðar á tveimur stöðum, þ.e. á Merarskeiði og við torfuleifar á Harðavelli norður af Stangarárbotnum (10. mynd). Á Merarskeiði er nú sums staðar kominn talsverður gróður í moldir og börð (11. mynd) en allmikið vatnar á að búið sé að stöðva allt hraðfara rof. Við torfuleifarnar á Harðavelli hefur gróður aukist nokkuð en mikið vantar á að rofum hafi verið lokað.

Uppgræðsla 2009–2013. Uppgræðslu verður haldið áfram á Merarskeiði og við torfuleifarnar á Harðavelli. Hafist verður handa við uppgæðslu meðfram stóru torfunni við Svíná (1. tafla). Frekari uppgæðsla á Harðavelli ræðst af því hversu vel uppgæðslan gengur á þeim stöðum sem byrjað hefur verið á.



10. mynd. Uppgræðsla við torfuleifar norður af Stangarárbotnum á Harðavelli. Ljósmynd. Sigurður H. Magnússon, 29. ágúst 2009.



11. mynd. Uppgræðsla á Merarskeiði. Sæluhúsið í Svínárnesi í baksýn. Hundasúra gefur gróðri rauðleitun blæ. Ljós. Sigurður H. Magnússon, 29. ágúst 2009.

V. svæði. Stórimelur - Skyggnishólar

Svæðið er sunnan við Sandá suður af Miklumýrum og Skyggniskrók. Það er um 7,1 km² að flatarmáli og liggur í 400–480 m hæð yfir sjó. Svæðið, sem er tvískipt, nær yfir Stóramel sem er allstórt melasvæði austan við Rauða og Skyggnishóla og að Sandá vestur af Skyggni. Stórimelur er sérstæður sléttur og gróðurlítill melur sem sker sig frá öðrum jarðmyndunum á þessum slóðum. Melurinn er að öllum líkindum vatnaset sem safnast hefur fyrir við jökuljaðar. Þess konar melar eru sjaldgæfir á afréttinum og eru því í flokki jarðminja sem mikilvægt er að vernda.

Rof á svæðinu er hvergi mikið en er þó mest við Skyggnishóla og við torfu á bökkum Sandár. Jarðvegur er víðast fremur þunnur og börð því lág. Aðgengi að svæðinu er gott því vegurinn milli Svínárness og Leppistungna liggur um það. Fyrir 2004 var borið á og sáð í allstórt svæði á Stóramel skammt frá vegi. Vegna sérstöðu Stóramels og þeirrar staðreyndar að rof er þar lítið er sú aðgerð ekki forgangsverkefni miðað við þau markmið sem hér eru lögð fram í þessari áætlun.

Á árunum 2004–2008 var sáð og borið á rofjaðarinn austan í Skyggni. Gróðurþekja hefur þar aukist mikið en allmikið vantar upp á að búið sé að stöðva allt hraðfara rof (12. mynd).

Uppgræðsla 2009–2013. Haldið verði áfram á sömu braut. Stefnt skal að því að græða upp moldir og rofjaðra við Skyggnishóla og við torfur á bökkum Sandár (1. tafla).



12. mynd. Uppgræðsla rofjaðars austan við Skyggni. Gróður í mikilli framför. Ljósmyndur H. Magnússon, 31. ágúst 2008.

VI. svæði. Skyggiskrókur - Vegghamrar - Fremra-Búðarfjall

Svæðið, sem er norðan við Sandá, nær frá ánni við Skyggiskrók um Vegghamra að rótum Fremra-Búðarfjalls. Það er um 7,3 km² að flatarmáli og liggur í 400–440 m hæð yfir sjó. Svæðið er að mestu örfoka. Rof er fremur lítið nema næst Búðarfjallinu. Hafa ber í huga að rof á þessu svæði er eingöngu metið út frá Spot-5 gervitunglamynd.

Uppgræðsla 2009–2013. Vegna erfiðrar aðkomu og fremur lítils rofs er ekki gert ráð fyrir neinum uppgræðsluáðgerðum á þessu svæði.

VII. svæði. Grjótártunga - Grashólar - Innri-Fuglasteinn

Svæðið sem er mjög víðáttumikið, eða um 26,1 km², liggur á milli Grjótár að austan og Hvítár og Jökulfalls að vestan. Það er nánast allt í 400–500 m hæð yfir sjó. Gróðurþekja og jarðvegur er mikið rofinn, einkum á hæðum og þar sem land er opið fyrir norðaustanátt. Rofið hefur verið mest á milli Ábótavers og Hrísalækja en þar eru stór svæði nú örfoka. Annars staðar er gróður meiri, en hann er þó víðast hvar slitróttur og sundur skorinn af rofi. Víða eru virkir rofjaðrar og á nokkrum stöðum rofgeilar sem ganga til suðurs eða suðvesturs inn í það gróðurlendi sem enn er eftir. Rofgeilar eru einkum áberandi við Jökulfallið suðvestur af Innri-Fuglasteini (13. mynd). Svæðið er afar óaðgengilegt því þangað liggja hvorki vegir né slóðar. Uppgræðsla með áburði og sáningu fræs er því illmöguleg nema úr lofti. Tekið skal fram að höfundar þessarar áætlunar hafa ekki farið sérstaklega um svæðið til að meta rof eða kanna möguleika á uppgræðslu. Ástand lands er hér eingöngu metið út frá Spot-5 gervitunglamynd auk þess sem byggt er á staðþekkingu höfunda.

Uppgræðsla 2009–2013. Vegna erfiðrar aðkomu er ekki gert ráð fyrir neinum uppgræðsluáðgerðum á þessu svæði árin 2009–2013.



13. mynd. Horft til suðurs yfir rofgeira sem gengur inn í gróðurlendið sunnan við Jökulfallið norðan við Hrísalæki. Ljós. Sigurður H. Magnússon, september 1995.

1. tafla. Áætlun um dreifingu áburðar og fræs á uppgræðslussvæði á Hrunamannaafrétti árin 2009–2013.

I. svæði			
<i>Borsteinshöfði - Sandalda - Holt</i>			
		Áburður, tonn	Fræ, kg
	2009*	0,4	13
	2010	3	75
	2011	3	75
	2012	3	75
	2013	3	75
Stóraver			
		Áburður, tonn	Fræ, kg
	2009*	3,2	106
	2010	3	75
	2011	3	75
	2012	3	75
	2013	3	75
IV. svæði			
<i>Svínárnes - Merarskeið - Harðivöllur</i>			
		Áburður, tonn	Fræ, kg
	2009*	3	99
	2010	8	200
	2011	8	200
	2012	8	200
	2013	8	200
V. svæði			
<i>Stórimelur - Skyggnishólar</i>			
		Áburður, tonn	Fræ, kg
	2009*	0,6	20
	2010	2	50
	2011	2	50
	2012	2	50
	2013	2	50
Uppgræðsla á Hrunamannaafrétti			
<i>Samtals: Áburður, fræ</i>			
		Áburður, tonn	Fræ, kg
	2009*	7,2	238
	2010	16	400
	2011	16	400
	2012	16	400
	2013	16	400
		71,2	1838

*Tölur fyrir árið 2009 eru ekki áætlaðar heldur sýna það sem dreift var það árið.